

Konur af erlendum uppruna treysta oft á tíðum ekki kerfinu

Nichole Leigh Mosty vakti fyrst athygli fyrir starf sitt sem leikskólastjóri á leikskólanum Ösp þar sem hún lét sig málefni fólksins varða svo eftir var tekið. Leiðin lá í borgarstjórn fyrir Bjarta framtíð og svo afar óvænt inn á þing en Nichole er fyrsta konan af erlendum uppruna til að taka sæti á Alþingi.

Texti: Melkorka Mjöll Kristinsdóttir
Myndir: Hákon Davíð Björnsson og úr einkasafni

Björt framtíð fór í ríkisstjórnarsamstarf en sleit því snögglega í október árið 2017 í tengslum við #höfumhátt. Í sama mánuði fór af stað bylting í Bandaríkjunum, undir nafni myllumerkisins #metoo. Byltingin barst meðal annars til Íslands og Nichole tók virkan þátt með því að stofna #metoo-hóp fyrir konur af erlendum uppruna og halda utan um hópinn í samstarfi við Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi (W.O.M.E.N.).

Í þessum mánuði er tveggja ára afmæli #metoo-byltingarinnar og slita stysta ríkisstjórnarsamstarfs Íslandssögunnar en Nichole var áberandi í báðum þessara sögulegu atburða. Síðustu ár hefur hún starfað sem verkefnastjóri hverfaverkefnis í Breiðholti og sem sjálfboðaliði í stjórn W.O.M.A.N., en þess má til gamans geta að samtökin verða 16 ára á kvennafrídaginn, 24. október. „Ég er fædd og uppalin í Michigan í miðvesturhluta Bandaríkjanna,“ segir hún. „Bernskan var að mestu leyti mjög venjuleg en á tímabili fluttum við oft, vegna þess að pabbi missti vinnuna. Þetta var erfitt tímabil. Ég var alltaf að mæta í nýja skóla, takast á við nýjar áskoranir og reyna að vera með. En ég geri mér grein fyrir því núna að þetta gerði mér kleift að vera svolítill „survivor.““

FLÓKIÐ FERLI AÐ SÆKJA UM DVALARLEYFI

Þegar upp var staðið voru hinir tíðu flutningar kannski blessun því Nichole þurfti á þrautseigju að halda eftir að hingað kom. „Ég kynntist Íslendingi þegar ég var í kokkanámi í Boston og við urðum ástfangin. Það var spennandi að kynna Íslendingi þar sem þið eru svo fá. Eftir að við höfðum búið í nokkur ár í Bandaríkjunum fluttumst við saman til Íslands. Það var spennandi en líka mjög erfitt. Sérstaklega vegna þess að ég einangraðist mjög eftir komuna til landsins. Ég talaði litla sem enga íslensku og vissi ekki hvernig hversdagslegir hlutir og kerfið virkuðu hér. Ég hafði aldrei áður verið innflytjandi og mér fannst ferlið sem fylgdi því að sækja um dvalarleyfi vera flókið og erfitt.“


Á þessum tíma skildi ég ekki af hverju ferlið var svo flókið. Í mínum huga var engin ástæða til að segja nei við mig þar sem ég var „góð manneskja“ en reglurnar eru mjög strangar ef þú kemur utan EES-svæðisins. Satt best að segja gildir það sama ef þú flyst til dæmis frá Íslandi til Bandaríkjanna. Í dag skil ég að það er mikilvægt að hafa reglur. Það eru reglur í öllum löndum, til dæmis varðandi það að fólk sé með atvinnu eða í skóla og að það geti séð fyrir sér. Það er bara það sem er heilbriggt fyrir viðkomandi og einnig fyrir samfélagið,“ segir Nichole.

„Það sem þarf að breyta er að tryggja meira jafnræði og að vel sé tekið á móti innflytjendum með því að þeir fái viðeigandi stuðning við að aðlagast samfélaginu og vera virkir þátttakendur frá upphafi,“ heldur Nichole áfram. „Það þarf að taka málefni þeirra sem eru á flóttu og sækja um alþjóðlega vernd, til sérstakrar skoðunar þar sem fólkið er oft á tíðum í mikilli neyð. Það þarf að taka á þessum málum af meiri mannúð.“

EKKI LITIÐ VIÐ PRÓFGRÁÐUNNI

Nichole fékk að reyna á eigin skinni að þolinmæði þrautir vinnur allar. „Ég fékk að lokum dvalarleyfi og var boðin vinna við mína iðn. Menntunin var samt einskis metin. Vinnuveitandinn leit ekki einu sinni á gráðuna heldur sagði bara að ég þyrfti að starfa hjá honum sem nemandi og fara í kokkanám héraendis. Mér leist ekki á þetta. Þess vegna fór ég að vinna við ræstingar og um leið að leita mér að annarri vinnu. Ég var mjög einangruð í ræstingastarfinu og lærði því ekki tungumálið. Það háði mér mjög.“

Nichole fann að lokum leið til að læra íslensku án þess að þurfa að greiða fyrir dýrt tungumálanámskeið. „Ég hafði ekki efni á að greiða fyrir íslenskunámskeið og datt í hug að fara að vinna á leikskóla svo ég myndi læra tungumálið,“ segir hún. „Einn annar starfsmaður af erlendum uppruna



*„Þetta var alveg
magnaður tími
vegna þess að þarna
var ég að taka
að mér smávegis
forystuhlutverk.
Á þessum tíma
leit ég ekki lengur
á mig bara sem
innflytjenda heldur
var ég hluti af
samfélaginu og ég
var að fara að fæða
barn hérna.“*



„Ég hafði ekki efni á að greiða fyrir íslenskunámskeið og datt í hug að fara að vinna á leikskóla svo ég myndi læra tungumálið.“



Leikskólastjóri í leikskólanum Ösp (myndin af barninu er birt með samþykki móður).



Útskrift frá HÍ með M.Ed.-gráðu.

vann á leikskólanum. Það var kona sem vann í eldhúsinu en ég vann inni á deild. Við vorum báðar dálítið neikvæðar um okkar stöðu, sátum oft saman og töluðum um hvað þetta var allt glatað. Á þessum tíma áttaði ég mig ekki á að það voru ýmsir hlutir sem voru á réttri leið. Til dæmis var ég loksins farin að læra tungumálið.“

SKELTI SÉR Í NÁM

Aukinn skilningur Nichole á íslensku máli átti sannarlega eftir að koma sér vel. „Þegar ég var búin að vinna á leikskólanum í þrjú ár heyrði ég að íslensku konurnar sem voru að vinna þar, ætluðu allar að sækja um nám,“ segir Nichole. „Þær töluðu um að eftir þriggja ára starf á leikskóla byði Reykjavíkurborg upp á samning þess efnis að fólk gæti farið í fjarnám með vinnu við Kennaraháskólann og haldið fullum launum á meðan. Þetta fannst mér algjör snilld. Það var enginn að tala um þetta við mig, ég bara heyrði þær tala um þetta sín á milli. Þá kom kraftur í mig. Ég hugsaði: Ég ætla bara að

sækja um þetta! Og ég var ein af þeim sem komust inn í námið.“

Dásamlegur tími í Kennaraháskólanum. „Ég byrjaði í náminu árið 2003. Þetta var ekki auðvelt en við eigum ekkert að vera hrædd við áskoranir,“ segir Nichole. „Í áskorunum felast tækifæri og ef við tökumst ekki á við áskoranir, þá gæti verið að tækifærið komi ekki aftur. Lesefnið var mikið til á ensku þannig að ég lærði íslensku með því að þýða milli tungumála. Ég fékk 6 fyrir fyrstu ritgerðina, bara fyrir að skrifa hana. Þetta var bara spurning um að duga eða drepast en þetta var samt dásamlegur tími. Það var þarna, í Kennaraháskólanum, sem ég fann mestan stuðning. Kennarar leikskólabrautar tóku mér opnum örmum. Þetta var bara frábært.“

Nichole þurfti að vinna meira en 100% starf með náminu. „Á þessum tíma var ég í námi sem gildi 75%, að vinna 100% og að þrifa á tveimur til þremur stöðum á kvöldin og um helgar. Þetta var bara það sem ég þurfti að gera. Þetta er annar анги af þessu

innflytjendalífi, að þurfa að vinna mörg störf og leggja mikið á sínar herðar til að koma sér áfram.“

ATVINNUTILBOÐ Í LONDON OG ÖVÆNTUR FERÐAFÉLAGI

Eftir útskrift bauðst Nichole spennandi atvinnutækifæri. „Ég útskrifaðist sem leikskólakennari árið 2007 og er rosalega stolt af því. Þá vildi svo til að mér var boðið í starfsviðtal í London. Þetta var alveg svakalegt tækifæri sem var ekki hægt að líta fram hjá. Við seldum bílinn, leigðum út íbúðina og settum innbúið í geymslu. Þegar það voru fimm dagar í flutning uppgötvaðum við að ég var ólétt. Við fluttum út með okkar leyndarmál og vissum ekki hvort þetta myndi ganga, vegna þess að við höfðum lengi reynt að eignast barn og höfðum fengið aðstoð en það hafði aldrei gengið.“

Nichole var byrjuð að festa rætur á Íslandi en vildi kanna réttindi sín í London. „Við ákváðum að fara út og kanna okkar

Mynd af mér 16 ára í frjálsum íþróttum. Ég á enn nokkur met heima í Michigan.



Fjölskyldan þegar börnin voru yngri.

Fjölskylda Nichole þegar hún útskrifaðist úr High School.



Mynd af okkur í W.O.M.E.N. að taka á móti Mannréttindaverðlaunum Reykjavíkurborgar.

réttindi í tengslum við þetta atvinnutilboð,“ segir Nichole. „Þegar allt kom til alls ákváðum við að fara aftur til Íslands því hér vorum við búin að ávinna okkur ákveðin réttindi og við töldum að það væri betra að ala upp barn í Efra-Breiðholti heldur en í London. Svo hefði ég bara fengið níu vikur í fæðingarorlof í London. Ég hringdi strax í leikskólastjórann sem ég hafði verið að vinna hjá og spurði hvort hún vildi ekki fá mig aftur og jú, hún vildi það og hún sýndi mér strax mikið traust með því að ráða mig inn sem verkefnisstjóra til að vinna að fjölmenningsstefnu og að málefnum tvítyngdra barna á leikskólanum. Þetta var alveg magnaður tími vegna þess að þarna var ég að taka að mér smávegis forystuhlutverk. Á þessum tíma leit ég ekki lengur á mig bara sem innflytjenda heldur var ég hluti af samfélaginu og ég var að fara að fæða barn hérna. Sonur okkar fæddist í apríl árið 2008. Ég eignaðist svo annað barn, yndislega stúlku, í ágúst árið 2009.“

Nichole sóttist eftir meiri ábyrgð í starfi

og var treyst. „Í nóvember árið 2008 var auglýst laust starf aðstoðarleikskólustjóra í hverfinu þar sem ég bý, í leikskólanum Ösp,“ segir hún. „Ég var ákveðin í að láta á þetta reyna, sótti um og fékk starfið. Ég starfaði þar með yndislegri konu sem veitti mér mikið sjálfstæði og treysti mér fyrir mínum hugmyndum. Svo fór hún í annað starf og þá var laus leikskólustjórastaða. Ég sótti um og fékk starfið. Þá var ég komin með mikið sjálfstraust. Mér leið eins og ég gæti svo marga og ég fór í þetta starf af ástríðu.“

UNNU ÞVERT Á STOFNANIR TIL AÐ MÆTA FJÖLSKYLDUM

Óhætt er að segja að Nichole hafi ekki látið sér nægja að sinna skyldustörfum leikskólustjóra. „Starfið sem leikskólustjóri er mest gefandi og krefjandi verkefni sem ég hef sinnt. Það voru miklar áskoranir í hverfinu og við sem vorum að starfa í leikskólanum tókum saman höndum og mættum þeim fjölskyldum sem við vorum að þjóna með því að vinna þvert

á stofnanir og alltaf í góðu samstarfi við foreldra. Við fórum meðal annars af stað með stórt tannverndarverkefni, sem krafðist öflugssamstarfs við tannlækna, félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð Breiðholts og barnavernd. Við vorum einnig með stórt tungumálaverkefni í Fellahverfi sem nefndist: „Okkar mál“, og ókeypis íslenskukennslu fyrir foreldra af erlendum uppruna,“ segir hún. „Við lögðum okkur fram um að veita foreldrum góð og fagleg ráð varðandi uppeldishlutverkið og að vísa fólki á rétta staði með sín mál innan kerfisins og samfélagsins.“

VAKTI ATHYGLI FÓLKS Í PÓLÍTÍK

Starf leikskólans vakti mikla athygli og tveir stjórnmálaflokkar vildu fá Nichole til liðs við sig. „Starfið vakti athygli fólks í pólitík og einn stjórnmálaflokkur bauð mér að taka sæti á lista,“ segir hún. „Ég var svolítið hrædd vegna þess að þetta var stór flokkur og mér fannst að ég kynni ekkert í pólitík. En þá leitaði lítil flokkur til mín, Björt

„Kosningarnar eftir stjórnslitin reyndust flokknum rosalega erfiðar. Ég fór í gegnum mikla andlega lægð, fannst eins og allt væri að hrynja og leið eins og ég hefði fengið falleinkunn áður en ég kláraði prófið.“

framtið. Mér fannst sá flokkur vera miklu meiri grasrótahreyfing og þau báðu mig um að taka þátt í að móta stefnuna. Ég fann að þarna var eitthvað fyrir mig.“

Nichole tók að sér trúnaðarstörf fyrir Bjarta framtið og pólitíski boltinn fór að rúlla. „Ég var í áttunda sæti fyrir flokkinn í borgarstjórnarkosningunum árið 2014. Ég sat því í nokkrum nefndum og ráðum og var formaður í hverfisráði Breiðholts, sem fyrir mig var alveg dásamlegt þar sem ég elska þetta hverfi. Árið 2016 kom upp málið með Panamaskjöldin og nýjar kosningar til Alþingis. Ég bauð mig fram til þess að aðstoða við kosningabaráttu Bjartrar framtiðar og vera á lista. Meiningin var ekki að vera mjög involveruð.“

GEKK ÚT ÚR BÍÓDAL SEM ODDVITI FYRIR STJÓRN MÁLAFLOKK

Á næstu vikum og mánuðum tók við atburðarás sem Nichole hafði ekki órað fyrir. „Eitt kvöldið þegar ég var í bíó var hringt í mig. Ég vissi að valnefndin hafði verið að funda og hélt að þau væru kannski að hringja til að segja að þau vildu ekki hafa mig á lista,“ segir hún. „En ég var spurð: „Hvernig list þér á að vera oddviti?, ég þarf að fá svar í kvöld.“ Ég hugsaði bara; biddu voruð þið að drekka á þessum fundi eða? “

Ég man að ég hugsaði líka; hvað er það versta sem gæti gerst? Eftir allt sem ég hef gengið í gegnum og allt sem ég hef lært. Ég vissi að þetta var tækifæri til að tala um leikskólamála, innflytjendamál og fleiri mál frá hjartanu. Svo vorum við bara með tvö prósent í skoðanakönnunum þannig að ég vissi að það var mjög ólíklegt að við kæmumst inn. Ég sló því til og tók að mér að vera oddviti í Reykjavíkurborgardæmi suður. Ég lagði mig alla fram í kosningabaráttunni og svo bara datt ég inn á þing.“

RÍKISSTJÓRNARSAMSTARFIÐ OG SANDKASSALEIKURINN Á ÞINGI

Björt framtið tók þátt í krefjandi en skemmtilegu ríkisstjórnarsamstarfi. „Stundum er sagt að það sé best að vera í stjórnarandstöðu fyrsta kjörtímabilið, vegna þess að það er svo margt sem þarf að læra þegar maður fer inn á þing. En

við fórum í ríkisstjórn,“ segir Nichole. „Þingflokkurinn var lítill, aðeins fjórir þingmenn og tveir þeirra urðu ráðherrar. Við tvær sem vorum í þingsal vorum báðar nýir þingmenn. Þetta var allt mjög sérstakt og mikið álag á nýja þingmenn en við vorum með öflugan starfsmann fyrir þingflokkinn með okkur.

Ég var sett sem formaður í velferðarnefnd, varaformaður í allsherjar- og menntamálanefnd og sem fjórði varaforseti. Ég þurfti því að læra mjög mikið á stuttum tíma og vildi gera það vel. Ég er alveg vön að hlaupa hratt og sinna mörgum hlutverkum sem leikskólastjóri en þingstörfin, við þessar aðstæður, voru samt mikil áskorun. En þrátt fyrir að þetta væri erfitt fannst mér þetta líka æðislegt því að ég var að læra svo mikið! Ég öðlaðist nýjan skilning á samfélaginu, landi og þjóð.“

Nichole hafði þó ekki gaman af leikritinu í þingsal. „Ég kunni þó ekki inn á þann pólitíska leik og það leikrit sem fram fer í þingsal,“ segir hún. „Þegar þingmenn fóru í ræðustóll og voru í ham yfir

„Samstarfsflokkur okkar faldi mikilvægar upplýsingar fyrir okkur, gekk út af nefndarfundum og sýndi okkur og þjóðinni ekki tilhlýðilega virðingu þó að við værum að sýna þeim traust.“

einhverri frétt eða frumvarpi þá var ég ekki þar. Ég reyndi alltaf að vera einlæg við alla, hvort sem það voru starfsmenn þingsins eða aðrir þingmenn. Ég kunni ekki við þetta, að fara í ræðustóll og slá aðra niður.“

NETTRÖLLIN TÓKU SINN TOLL

Nichole fór ekki varhluta af ómálefnalegu aðkasti í netheiminum. „Nettröllin herjuðu á. Ég fékk margar hótanir og það var reynt að gera lítið úr mér. Ég sá athugasemdir eins og „farðu heim Yankee“, „hún er fáviti“, „hún talar ekki nógu góða íslensku“ og „við viljum þig ekki á þjóðþingið okkar“. Það þarf að vera með ákveðinn skráp í svona starfi ég viðurkenni það en þegar þetta er svona mikið og ekki tengt málefnum heldur mjög persónulegt, þá tekur þetta sinn toll. Ég var sérstaklega viðkvæm fyrir því sem innflytjandi og sem kona, ég ætla að vera alveg hreinskilin með það. Það að vera kona

í pólitík er aldrei auðvelt, þær fá meiri og öðruvísi skít yfir sig.“

EKKI ERFIÐ ÁKVÖRÐUN AÐ SLÍTA SAMSTARFINU

Ákveðnir atburðir leiddu til þess að Björt framtið ákvað að slíta stjórnarsamstarfinu eftir aðeins átta mánuði. „Þessu tímabili lauk jafnskyndilega og það byrjaði,“ segir Nichole. „Við slitum ríkisstjórnarsamstarfinu í október árið 2017 í tengslum við #höfumhátt. Við töldum að það skorti á gildi og heiðarleika frá okkar samstarfsaðila. Fyrir mig þá var það allavega það. Ég stend fyrir ákveðin gildi. Meðal annars þau gildi að vera hreinskilin, hlusta á kjósendur og þjóna þeim, bæði þeim sem kusu okkur og þeim sem kusu aðra flokka. Samstarfsflokkur okkar faldi mikilvægar upplýsingar fyrir okkur, gekk út af nefndarfundum og sýndi okkur og þjóðinni ekki tilhlýðilega virðingu þó að við værum að sýna þeim traust. Heiðarleiki skipti okkur höfuðmáli. Það var grunnigildi sem flokkurinn okkar byggði á. Ég vildi ekki taka þátt í þessu. Einnig sá ég fram á að mínar skoðanir varðandi innflytjendamál, hælisleitendur og fólk á flóttu yrðu ekki virtar í þessu stjórnarsamstarfi. Þó svo að þetta hefði að lokum kostað mig þingsæti þá var

það í raun ekki erfið ákvörðun að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu vegna þess að á endanum stóð ég með sjálfri mér og mínum gildum.“

Nichole hélt ótrauð áfram að vinna fyrir flokkinn en flokkurinn heyrði fljótt sögunni til. „Kosningarnar eftir stjórnslitin reyndust flokknum rosalega erfiðar. Ég fór í gegnum mikla andlega lægð, fannst eins og allt væri að hrynja og leið eins og ég hefði fengið falleinkunn áður en ég kláraði prófið,“ segir hún. „Það var erfitt að reyna að bera sig vel og ganga um með bæklinga, safna undirskriftum og mæta á pallborð þar sem ég upplifði að fólki væri alveg sama hvað kom frá okkar flokki, því það var búið að afskrifa okkur. Björt Framtið lognaðist smám saman út af. Það var sárt þegar Björt Framtið var ekki lengur til, því að ég hafði haft tröllatrá á hugsjón okkar, gildi flokksins og fólkinu í flokknum.“

#METOO

Ríkisstjórnarslit stysta ríkisstjórnarsamstarfs Íslandssögunnar var ekki það eina markverða sem gerðist í október árið 2017. „Í sama mánuði og við slitum ríkisstjórnarsamstarfinu var #metoo-byltingin að fara af stað,“ segir Nichole. „Mér var boðið í nokkra hópa; menntahóp, pólitískan hóp og fleiri hópa, þar sem konur voru að deila reynslu sinni. En það var hvergi verið að segja sögur kvenna af erlendum uppruna og því áreiti og undirliggjandi fordómum sem þær verða fyrir í vinnunni og í samfélaginu. Ég veit hvað er að gerast meðal sumra þessara kvenna og þekki áreitni af eigin raun. Ég var áreitt kynferðislega eftir að ég flutti hingað og einungis vegna þess að ég var útlensk. Hann sagði það við mig. Þetta olli mér miklum sársauka sem ég faldi lengst inn í mér og ætlaði aldrei að deila eða viðurkenna þetta. Konur af erlendum uppruna eru einn viðkvæmasti hópurinn í samfélaginu fyrir utan kannski fatlaðar konur og eldri konur. Viðkvæmustu hóparnir eru þeir hópar sem hægt hefur verið að þagga mest niður á kerfisbundinn hátt.“

Nichole lét sér ekki nægja að vita af vandanum heldur ákvað hún að gera eitthvað í málinu. „#Metoo veitti mér kraft til að fara af stað og hafa samband við formann W.O.M.E.N. Ég sagði henni að ég ætlaði að stofna #metoo-hóp fyrir konur af erlendum uppruna á Íslandi. Ég hóf vinnu við að safna sögum og ræða við konur í kringum mig. Konur hringdu, sendu mér sögur eða fengu vinkonu til að hringja fyrir þær. Það var krefjandi og mikilvægt að segja sögu hvernig og einnar konu eins og hún vildi segja hana, margar vildu að ekkert kæmi fram sem einkenndi þær.“

Í byrjun janúar árið 2018 stofnaði ég #metoo-Facebook-hóp og bauð á fjórða tug kvenna í hópinn. Fljótlega voru konurnar orðnar fleiri en 600. Konurnar birtu sögurnar sínar í hópnum. Samtölin sem mynduðust í kringum sögurnar voru mjög falleg.“

Hún segir að það hafi verið mikilvægt fyrir konur af erlendum uppruna á Íslandi að engri íslenskri konu yrði leyfður aðgangur að hópnum. „Það var enginn illvilji til íslenskra kvenna, en traustið var og er ekki til staðar. Hvernig eigum við að brúa þetta bili? Það er eitthvað sem samfélagið þarf að hugleiða.“



FLEIRI KONUR SEM LEITA EKKI TIL OKKAR EÐA LEITA SEINT TIL OKKAR

Margar konur af erlendum uppruna hafa nú þegar fengið stuðning og ráð hjá W.O.M.E.N. vegna #metoo og það sér ekki fyrir endann á því verkefni. „Það var mjög mikið leitað til okkar vegna #metoo og þetta var mikið álag á lítill samtök. Ég var ekki formlega hluti af W.O.M.E.N. en við leystum það með því að búa til nýja stöðu verkefnastjóra hjá félaginu svo ég gæti farið fyrir þingnefndir og aðstoðað vegna þessarar nýju áskorunar sem fylgdi #metoo. Þarna var ég því allt í einu orðin verkefnisstjóri í sjálfbóðaliðastarfi fyrir W.O.M.E.N. Á næsta aðalfundi félagsins var ég beðin um að taka sæti í stjórn og þar er ég stolt að vera enn.“

Við fáum enn margar fyrirspurnir frá konum, en það sem hræðir mig er að það eru miklu fleiri sem leita ekki til okkar. Eins hræðir það mig að þegar konur leita til okkar þá eru þær mjög oft búnar að kljást við eitthvað verulega lengi og eru bara virkilega týndar. Það mikilvægasta sem við getum gert er að upplýsa, styðja og reyna að fá fólk til að treysta sér til að gera það sem getur bjargað þeim og treysta þeim kerfum sem eru til. Það getur verið erfitt, sérstaklega fyrir fólk sem kemur frá löndum þar sem er mikil spilling eða þar sem svona aðstoð er ekki í boði. Það sem við þurfum því að gera miklu meira af er að vera brúarsmiðir milli fólksins og þeirra úrræða sem eru til í samfélaginu,“ segir Nichole Leigh Mosty að lokum.